

Fundargerð hluthafafundar Reita fasteignafélags hf. 31. október 2018

Miðvikudaginn 31. október 2018 er haldinn hluthafafundur í Reitum fasteignafélagi á skrifstofu félagsins í Kringlunni 4-12 í Reykjavík. Fundurinn hófst kl. 9.00.

Setning fundar. Kjör fundarstjóra og fundarritara.

Bórarinn V. Bórarinsson, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Kristinn Hallgrímsson, hrl. var kjörinn fundarstjóri og Ragnheiður M. Ólafsdóttir, hrl. var kjörin fundarritari.

Fundarstjóri fór yfir fundarboðun en til fundarins var boðað með auglýsingu sem birtist í Fréttablaðinu Þriðjudaginn 9. október 2018, auk þess sem boðun var birt í Kauphöll og á heimasíðu félagsins þann 8. október 2018. Endanleg dagskrá og tillögur fyrir fundinn voru birtar í Kauphöll þann 26. október 2018. Lýsti fundarstjóri fundinn lögmatan.

Á fundinn var mætt fyrir um 57,75% hlutfjár í félaginu. Á fundinum sátu einnig meirihluti stjórnar félagsins, forstjóri og fjármálastjóri, auk nokkurra annarra starfsmanna félagsins.

Gengið var til dagskrár fundarins eins og hún hafði birst í fundarboði en hún var svohljóðandi:

1. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
2. Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar.
3. Tillaga um laun tilnefningarnefndar.
4. Tillaga um skipun tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
5. Önnur mál, löglega upp borin.

1. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins, en þær lúta allar að því að koma á fót tilnefningarnefnd í félaginu.

Gunnar Þór Gíslason, f.h. Brimgarða ehf. og fyrir eigin hönd, lýsti sig andvígán þessum fyrirætlunum félagsins. Telur hann valdi hluthafa skorður settar við stjórnarkjör með slíku fyrirkomulagi. Telur hann þetta sérstaklega slæmt með því fyrirkomulagi sem gerð er tillaga um hér og að fyrirkomulagið muni gera endurnýjun í stjórn afar erfiða. Telur hann framkomnar tillögur um breytingar á samþykktum félagsins í lagi, en að hafna beri setningu starfsreglnanna sem setji fyrirkomulagið svona upp varðandi skipan nefndarinnar.

Stjórnarformaður tók til máls og minnti á að stofnun tilnefningarnefndar er til komin vegna áskorunar frá hluthafa í félaginu og að fleiri félög í kauphöll séu að fara þessa leið. Færði hann þau rök fyrir því að fara þessa leið varðandi skipun nefndarinnar að ekki væri tilhlýðilegt að óska eftir því að fólk gæfi kost á sér í tilnefningarnefnd, en um leið þurfi það að fara í kosningabaráttu um sæti í nefndinni. Því sé sett fram þessi umgjörð sem hér um ræðir, að stjórn leggi fram tillögu um nefndarmenn sem hluthafar geta svo samþykkt eða hafnað á hluthafafundi. Stjórnin hafi valið fólk sem hefur þá hæfni sem til þarf. Lagði hann að lokum áherslu á að þrátt fyrir skipun tilnefningarnefndar og að hún leggi fram tillögur um stjórnarmenn, þá sé

engan veginn girt fyrir að fólk bjóði sig fram til stjórnarsetu með sama hætti og áður var. Einnig lagði hann áherslu á að formaður stjórnar megi ekki vera formaður tilnefningarnefndarinnar.

Fleiri tóku ekki til máls. Var fyrirbyggjandi tillaga um breytingar á samþykktum félagsins borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema fulltrúi tveggja hluthafa, sem saman fara með um 2,1% atkvæða í félaginu, greiddi atkvæði á móti. Tillagan er samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða eins og krafist er þegar um breytingar á samþykktum er að ræða.

2. Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar.

Fyrir fundinum lágu drög að starfsreglum tilnefningarnefndar sem lagt var til að yrðu samþykktar. Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögnum og lagði áherslu á það að í þessum tillögum er gert ráð fyrir því að stjórn tilnefni nefndarmenn og sú tilnefning sé síðan lögð fyrir hluthafafund til samþykktar eða synjunar.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn tók til máls og var tillagan borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema fulltrúi tveggja hluthafa, sem saman fara með um 2,1% atkvæða í félaginu, greiddi atkvæði á móti. Tillagan er því samþykkt.

3. Tillaga um laun tilnefningarnefndar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu þeirri sem lá fyrir fundinum um að laun til tilnefningarnefndar yrðu 500.000 kr. fyrir vinnu að undirbúningi stjórnarkjörs á aðalfundi félagsins 2019, en formaður nefndarinnar fái greitt 50% álag.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn tók til máls og var tillagan borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

4. Tillaga um skipun tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd.


Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að staðfest yrði skipun Þóris Þorvarðarsonar, ráðgjafa, og Elínar Jónsdóttur, lögfræðings, í tilnefningarnefnd félagsins.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn tók til máls og var tillagan borin undir fundinn, en þó þannig að greidd voru atkvæði um hvorn frambjóðanda fyrir sig. Var tillagan samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál, löglega upp borin.

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum. Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarmanna til handa fundarstjóra og fundarritara til að ganga frá fundargerð og var hún veitt.

Fleira var ekki gert og var hluthafafundi félagsins slitið kl. 9.30.


Kristinn Hallgrímsson, hrl., fundarstjóri


Ragnheiður M. Ólafsdóttir, hrl., fundarritari